



Alþingi
Erindi nr. P 138/1941
komudagur 5.5.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. félags- og tryggingamálanefndar

Reykjavík 4. maí 2010

Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

0911001SA
Málalykill: 401

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum um húsaleigubætur o.fl. - 554. mál

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með tölvupósti nefndasviðs Alþingis þann 23. apríl sl.


Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum, sem m.a. er ætlað að koma til móts við ríkjandi aðstæður á vinnumarkaði og þróun atvinnuleysis. Framlengd er heimild til þess að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur og að tekjur úr séreignarsjóðum skerði ekki atvinnuleysisbætur. Þá er sambærileg breyting lögð til á lögum um húsaleigubætur, þ.e. að tekjur úr séreign innan lífeyrissjóða skerði ekki húsaleigubætur. Það er þessi síðastnefndi þáttur sem snertir sveitarfélögin.

Á undirbúningsstigi frumvarpsins var samráð haft við sambandið og m.a. farið yfir það hvaða áhrif lögfesting þess gæti haft á fjárhag sveitarfélaganna. Það var niðurstaða þeirrar skoðunar að kostnaðaráhrifin væru ekki stórvægileg eða þess eðlis, að meta ætti þau sérstaklega innan húsaleigubótakerfisins.

Að teknu tilliti til þess gerir sambandið hvorki athugasemd við að frumvarpið verði að lögum né tillögur um breytingar á einstökum efnisákvæðum þess.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri